

Ed.

69. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 77, 27. júní 1921, um hlutafélög.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Nú eru lagðar í samþykktum hlutafélags eða með öðrum hætti hömlur á meðferð hlutabréfa, svo sem bann við sölu eða veðsetningu eða innlausnarréttur eða forkaupsréttur er áskilinn félagi eða öðrum, og eru þá allar slíkar hömlur ógildar gagnvart banka, sveitabanka eða sparisjóði, er kynni að hafa fengið bréfið sem tryggingu fyrir kröfu eða til eignar samkvæmt nauðungarsölu eða með öðrum hætti.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi jafnskjótt sem þau hafa fengið staðfestingu konungs.

Greinargerð.

Það hefir komið í ljós, er bankar hér hafa tekið hlutabréf til tryggingar lánum, að hömlur á meðferð þeirra hafa verið settar í samþykktum félagsins, svo sem um forkaupsrétt félagsins eða annara. Og hafa svo aðilar gert sig líklega til þess að véfengja heimild bankans til veðréttarins og til sölu á veðinu. Afleiðing af þessu hlýtur að verða sú, að bankarnir telja sér ekki framár óhætt að veita lán gegn tryggingu í slíkum bréfum, nema fyrir liggja vottorð um það, að engar slíkar hömlur liggja á bréfinu eða samþykki réttis aðilja til ráðstöfunar á því. En þetta mundi verða viðskiptum til mikils trafala, með því að það mundi skapa allmikla réttaróvissu og verða eigendum þessara bréfa til tafar og óþæginda. Og er frumvarp þetta flutt til þess að koma í veg fyrir slíkt.